

Skaftárhreppur
Klausturvegi
880 Kirkjubæjarklaustur

Selfoss, 21.10.2024
UST202401-286/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. ágúst 2024 - Skaftárhreppur, urðunarstaður að Stjórnarsandi, ID nr. 53

Þann 12. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps að Stjórnarsandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í síðasta eftirliti komu fram þrjú frávik og barst engin úrbótaáætlun til stofnunarinnar vegna þeirra. Varða frávikin að skráningum vegna móttækis úrgangs til urðunar sem og skráningum á þeim úrgangi sem er til staðar í geymslu á urðunarstað. Mikið magn var til staðar við eftirlit af timbri, hjólbörðum og öðrum úrgangi í eftirliti 2023. Annað frávikið varðaði skráningar á innra eftirliti rekstraraðila og skilum á skráningum ársyfirlits sem ber að skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengis almanaksárs. Hefur rekstraraðili verið í samskiptum við Umhverfisstofnun í gegnum símtöl og upplýst stofnunina um það að hafinn sé frágangur á urðunarstaðnum og að til standi að taka eingöngu við óvirkum úrgangi á urðunarstaðnum við Stjórnarsand og verður öðrum úrgangsstraumi beint í endurnýtingu eftir því sem næst frá flokkun í sveitarfélaginu og annað fari í förgun á urðunarstað við Skógarsand. Við eftirlit nú kom fram að búið er að hreinsa mikið til á urðunarstaðnum en eftir eigi að ráðstafa timburhaugnum sem er þar en unnið er að því að finna lausnir fyrir hann. Rekstraraðili hefur skilað inn skráningum á móttæknum úrgangi í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Eru því ófrágengin tvö frávik af þeim sem eldri eru.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Urðunarstaður hefur heimild til að taka við timbri til kurlunar og geymslu. Magn úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og magn timburs á athafnasvæði skal ekki fara yfir 30 t hverju sinni. Magn timburúrgangs á urðunarstað er töluvert umfram þá heimild sem kemur fram í starfsleyfi (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).

2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna ársins 2023 liggja ekki fyrir í samræmi við starfsleyfi vegna tölul. 2-4.
3. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt eftirlitsmælingar árið 2023 vegna stöðu grunnvatns eftir mælingaráætlun sem lögð er fram í starfsleyfi.
4. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Skila ber skýrslum til eftirlitsaðila með niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. nóvember 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur